

Ár 2011, fimmtudaginn 1. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Iðnaðarráðuneytinu frá 19. ágúst 2011.

Í bréfinu er tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða kynnt og gerð grein fyrir því kynningar og samráðsferli sem nú er hafið.

Eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Hvergerðingar og aðrir fylgjendur skilyrðislausrar verndunar Bitru, Reykjadal og Grænsdals fagna tillögu til þingsályktunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða sem gerir ráð fyrir verndun á umræddu svæði. Með því er sérstaða dalanna og svæðisins hér ofan byggðar í Hveragerði viðurkennd en fyrir þessu höfum við barist allt frá því fyrsta hugmynd um Bitruvirkjun kom fram. Órofa samstaða Hvergerðinga hefur án vafa átt stóran þátt í þessari niðurstöðu en við hlið okkar hafa staðið öll samtök sem láta sig náttúruvernd einhverju skipta á landinu. Slík samstaða er díræm og fyrir það viljum við þakka.

Nú er mikilvægt að allir standi þétt að baki þessari niðurstöðu.

Virkjunarkostir eru nægir hér í nágrenninu þrátt fyrir að þetta svæði verði verndað. Virkjunarkostir sem enginn ágreiningur er um. Hverahlíð, Gráuhnjúkar og Meitill eru þar efst á blaði. Nú er brýnt að orkuöflunarfyrirtæki horfi til þeirra staða þar sem samstaða er um að virkja en haldi ekki áfram að berjast við vindmyllur í vonlausri baráttu um virkjanir á stöðum sem mikill meirihluti þjóðarinnar vill vernda. Slík umræða er einungis til þess fallin að hindra að sátt náist meðal þjóðarinnar um verndar- og nýtingaráætlun um fallvötn og jarðhita.

Bæjarstjóra falið að koma ályktun bæjarráðs til þeirra sem hlut eiga að máli og koma auk þess sjónarmiðum bæjarins varðandi vernd Bitru, Grænsdals og Reykjadal til skila fyrir lok umsagnarfrestsins.

1.2. Lyfjastofnun frá 26. ágúst 2011.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um styttingu opnunartíma lyfjabúðar Lyfja og heilsu í Hveragerði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða styttingu opnunartíma lyfjabúðar í Hveragerði.

1.3. **Vegagerðinni frá 24. ágúst 2011.**

Í bréfinu er samningi um almenningssamgöngur sagt upp þar sem samið hefur verið við SASS um almenningssamgöngur.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Jafnréttisstofu frá 15. ágúst 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær sendi Jafnréttisstofu jafnréttisáætlun Hveragerðisbæjar ásamt framkvæmdaáætlun.

Jafnréttisáætlun Hveragerðisbæjar var samþykkt árið 2007. Varðandi nýja áætlun þá hefur félagsmálastjóri þegar ritað Jafnréttisstofu bréf þar sem óskað er eftir fresti til 15. desember til að skila sameiginlegri jafnréttisáætlun fyrir velferðarþjónustusvæði Árneshöfna.

1.5. **Ungmennafélagi Íslands frá 15. ágúst 2011.**

Í bréfinu er fjallað um gerð forvarnaskiltis vegna neyslu ungs fólks á munntóbaki. Hveragerðisbæ er boðið að setja logo á skiltið og jafnframt að kaupa skilti.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Garðyrkjufélagi Íslands frá 15. ágúst 2011.**

Í bréfinu óskar Garðyrkjufélag Íslands eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna kostnaðar félagsins við sýninguna Blóm í bæ.

Bæjarráð samþykkir styrk að upphæð kr. 75.000 vegna þessa.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Tillaga frá meirihluta Sjálfstæðisfélags Hveragerðis vegna styrks til brunavarða Hveragerðisbæjar.**

Eftirfarandi tillaga var borin upp af fulltrúum meirihluta Sjálfstæðisfélags Hveragerðis:

Formleg sameining Slökkviliðs Hveragerðisbæjar og Brunavarna Árnessýslu varð staðreynd í sumar. Er ekki annað að sjá en að samstarfið sé gott og hafi orðið báðum aðilum til hagsbóta.

Brunaverðir Hveragerðisbæjar hafa í áraráðir unnið þarft og óeigingjarnt starf í þágu samborgara sinna og fyrir það vilja bæjarfulltrúar þakka. Því gerir meirihluti Sjálfstæðismanna það að tillögu sinni að brunaverðir Hveragerðisbæjar fái styrk til kaupa á einkennisfatnaði kr. 400 þúsund og geti með því nú þegar fjárfest í þeim fatnaði sem fylgir þátttöku í Brunavörnum Árnessýslu.

Unnur Þormóðsdóttir
Ninna Sif Svavarsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

2.2. Samningur við Þorlák Helgason.

Lögð fram drög af samningi við Þorlák Helgason vegna ráðgjafar og faglegs stuðnings við skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk Grunnskólans í Hveragerði. Með samningnum er tryggt að verkáætlun Olweusarverkefnisins verði fylgt eftir í Grunnskólanum í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

2.3. Minnisblað frá skrifstofustjóra frá 30. ágúst 2011 vegna gjaldfrjáls leikskóla elstu barna á leikskólum Hveragerðisbæjar.

Í minnisblaðinu kemur fram kostnaður bæjarins vegna gjaldfrjáls leikskóla elstu barna á leikskólum Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir að frá og með 1. september verði 4 stundir gjaldfrjálsar fyrir elstu börn leikskólans í stað 6 áður. Með þessu fyrirkomulagi má auka tekjur leikskólanna um rétt tæplega 1,5 mkr og því miður er nauðsynlegt að huga að slíku þegar aukning verður á útgjöldum með þeim hætti sem raun hefur orðið á, síðustu vikur og mánuði.

2.4. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2011 vegna 30 km hliðs á Grænumörk norðan gatnamóta við Pelamörk.

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem hann fjallar um 30 km hlið á Grænumörk norðan gatnamóta Pelamerkur.

Bæjarráð samþykkir að gert verði 30 km hlið á Grænumörk en slíkt er í fullu samræmi við umferðaröryggisáætlun bæjarins. Þannig verður til 30 km svæði frá Pelamörk um Grænumörk og Heiðmörk að Reykjamörk. Hliðið mun draga úr umferðarhraða á Grænumörk og auka þannig verulega öryggi gangandi vegfaranda yfir götuna. Kostnaður mun væntanlega rúmast innan áætlaðs kostnaðar við endurnýjun Heiðmerkur.

3. Tæknileg málefni:**3.1. Umsögn um tímabundið áfengisleyfi.**

Sýslumaður óskar eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Steingríms Ingasonar f.h. Formúlu1 ehf., kt. 651198-2409 um tímabundið áfengisleyfi föstudaginn 2. september kl. 19:30 - 01:00, í tilefni af Dömu kvöldi starfsmannafélags Leikskólans Óskaland, í Þinghúsinu, Breiðumörk 25, 810 Hveragerði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að sýslumaður veiti umrætt leyfi.

4. Fundargerðir:**4.1. Fundur nefndar oddvita / sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS) frá 8. ágúst 2011.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Verkfundargerðir:

- 5.1. **Heiðmörk – Gatnagerð frá 18. ágúst 2011.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir til kynningar:

- 6.1. **Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 18. ágúst 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:20

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)